





Akraneskaupstaður



JAFNRÉTTISÁÆTLUN LEIKSKÓLANS TEIGASELS 2019-2021



Jafnréttisáætlun leikskóla Akraneskaupstaðar

Mismunun á grundvelli kyns er óheimil. Akraneskaupstaður er aðili að Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna í sveitarfélögum og héruðum og hefur sem slíkur skuldbundið sig til þess að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir konur og karla til þátttöku og áhrifa í samfélaginu. Jafnframt einsetja fulltrúar Akraneskaupstaðar sér að vinna markvisst gegn hvers konar mismunun og hamlandi staðalímyndum um hlutverk kynjanna (Mannréttindastefna Akraneskaupstaðar, 2014, 2. kafli).

Jafnréttisáætlun skóla er gerð í samræmi við 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og tekur einnig mið af mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar. Jafnréttisáætluninni er ætlað að ætla að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og drengja og stúlka.

Jafnréttisáætlun leikskóla skal endurskoðuð á árinu 2021. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans auk þess sem hún er sérstaklega kynnt starfsmönnum og foreldrum á foreldrafundum.

Júní 2019

Launajafnrétti

Karlar og konur skulu njóta jafnræðis í kjörum og réttindum. Greiða skal kynjunum jöfn laun fyrir jafngild störf. Einstaklingsbundin laun, svo sem hæfni- og árangursmiðuð laun, og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á laun og kjör skulu byggjast á málefnalegum og rökstuddum forsendum, óháð kyni. Hjá Akraneskaupstað er ekki launaleynd (Mannréttindastefna Akraneskaupstaðar, 2014, 2. kafli 2.2.3).

Markmið: Vinna að jöfnum rétti kynjanna varðandi launakjör og ekki sé um óútskýrðan launamun að ræða milli kynjanna í skólunum.

Framkvæmd: Gerð verði úttekt þar sem grunnlaun, yfirvinnugreiðslur og önnur hlunnindi, verða skoðuð eftir kyni og starfsheiti. Komi í ljós óútskýrður launamunur verður leitað leiða til að leiðrétta hann.

Ábyrgð: Skólastjórnendur í samvinnu við starfsmenn, trúnaðarmenn starfmannanna og bæjaryfirvöld.

Endurskoðun: Endurskoðun er í samræmi við niðurstöðu úttektar. Annað hvort ár, að vori.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Í öllum starfsauglýsingum á vegum Akraneskaupstaðar og stofnana hans skal gæta jafnræðis hópa og jafnrar virðingar kynjanna. Hlutleysis um kyn skal gætt við gerð auglýsinga, en sé um að ræða starf á starfsvettvangi þar sem hallar á annað kynið skal vakin sérstök athygli á því markmiði 18. gr. jafnréttislaga að jafna kynjaskiptingu innan viðkomandi starfsgreinar (Mannréttindastefna Akraneskaupstaðar, 2014, 2. kafli 2.2.1).

Markmið: Í starfsauglýsingum skal gæta jafnræðis hópa og jafnrar virðingar kynjanna. Bæði kyn skulu hvött til að sækja um laus störf. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal stefnt að því að ráða þann einstaklinga af því kyni sem halla á innan skólans, deildarinnar, kennslugreinarinnar eða stigsins sem um ræðir. Öllum starfsmönnum skólans skal standa til boða að sækja sér endurmenntun og bæði kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttir endurmenntun

Framkvæmd: Skólastjórnendur sameinist um að gæta fyllsta jafnréttis við ráðningu innan skólans í laus störf með vísan til þeirra skilgreininga sem fram koma í markmiðum horft verðir til þess að uppfylla markmið stjórnslulaga m.t.t. rökstuðnings vegna ráðninga Við gerð símenntunaráætlunar skuli stjórnendur gæta þess að kynjum sé ekki mismunað og hafa samráð við starfsmenn um innihald símenntunaráætlunar

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Endurskoðun: Við innra mat skal þess gætt að jafnréttis hafi verið gætt við ráðningar í laus störf. Við endurmat á símenntunaráætlun að vori ár hvert.

Tímarammi: Ár hvert

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Hjá Akraneskaupstað er leitast við að nýta sveigjanlegan vinnutíma til að auðvelda starfsfólki af báðum kynjum að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og vinnu. Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, lækkuðu starfshlutfalli eða annarri hagræðingu eða breytingum á starfsfyrirkomulagi ef unnt er að koma því við og skal möguleiki á slíku fyrirkomulagi taka jafnt til karla og kvenna. (Mannréttindastefna Akraneskaupstaðar, 2014, 2. kafli 2.2.6).

Markmið: Skólastjórnendur stefna að því að koma til móts við þarfir starfsmanna og taka tillit til sérstakar fjölskylduraðstæðna þeirra óháð kyni starfsmanns. Starfsmenn skuldbinda sig einnig til samráðs við skólastjórnendur svo þeir megi sem best samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.

Framkvæmd: Stjórnendur í samráði við starfsmenn gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna breytinga á vinnutíma eða sveigjanleika í skipulagningu á vinnu þegar þess þarf til að mæta þörfum starfsmanns.

Ábyrgð: Skólastjórnendur í samvinnu við starfsmenn

Endurskoðun: Viðvarandi verkefni. En í starfsmannasamtölum skal inna starfsmenn eftir upplifun sinni varðandi samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs og tekið skal tillit til niðurstaðna við umbótaætlun.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi og kynbundin áreitni er með öll óheimil á vinnustöðum bæjarins og skal vinnuveitandi gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislegt og kynbundið áreitni og kynbundið ofbeldi (Mannréttindastefna Akraneskaupstaðar, 2014, 2. kafli 2.2.7).

Framkvæmd:

- Tilkynning- og verkferlar þurfa að vera skýrir í skólunum, aðgengilegir fyrir starfsmenn
- Veita skal starfsfólki fræðslu annað hvert ár um kynbundna og kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi sem og um viðeigandi hegðun og samskipti kynja. Verkferlar kynntir og hvert skuli leita ef slíkt áreitni kemur upp. Fræðsla skal veitt nýjum starfsmönnum þegar þeir byrja í starfi
- Við ráðningu starfsmanna er sérstaklega gætt að því að fylgja ákvæðum laga um leikskóla nr. 90/2008, 3. mgr. 6. gr. sem segir að „Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.“
- Starfsfólk skóla skal vera sífellt vakandi fyrir því að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í skólanum, hvort heldur af hendi annarra starfsmanna eða aðila sem tengjast eða koma að skólastarfinu.
- Starfsfólk skóla skal vera sífellt vakandi fyrir því að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í skólanum, hvort heldur af hendi annarra nemenda, starfsfólks eða annarra aðila sem tengjast eða koma að skólastarfinu.
- Veita skal nemendum í samræmi við aldur fræðslu um jafnrétti og siðferðileg samskipti kynjanna. Fylgja skal markmiðum aðalnámskrá og ákvæðum skólanámskrá. Við þá vinnu styðjast starfsmenn leikskólans einnig við bókina “Líkaminn minn”.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmaður, starfsmenn.

Endurskoðun:

- Varðandi starfsmenn: Í starfsmannasamtölum skal inna starfsmenn eftir upplifun sinni varðandi kynbundna eða kynferðislega áreitni í starfi. Skólastjórnendur halda skár yfir fjölda mála og fjölda tilkynninga. Endurskoðun á verkferlum er unnið í tengslum við umbótaætlun skólans, að vori hvers skólaárs.
- Varðandi nemendur: Stjórnendur endurskoða verklag í tengslum við hvert mál sem komið getur upp í samvinnu við barnavernd og sérfræðipjónustu skóla fjölskyldusviðs Akraneskaupstaðar.

Menntun og skólastarf

Gæta skal jafnréttis kynjanna jafnt hjá nemendum sem starfsmönnum í allri námskrágerð, áætlanagerð og stefnumótun í skólanum. Á öllum skólastigum skulu nemendur og starfsmenn hljóta fræðslu um jafnréttismál. Áhersla verði lögð á að búa nemendur undir jafna þátttöku beggja kynja í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi og tryggja að drengir og stúlkur eigi sem jafnasta möguleika. Jafnréttissjónarmið skal fléttast inn í öll samskipti og samvinnu skóla við foreldra nemenda. Samskiptin og samvinnan skal einkennast af góðum og jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu kynjanna.

Framkvæmd:

- Skólanámskrá, deildarnámskrár og áætlanagerð skóla taki mið af aðalnámskrá og markmiðum um kynjasamþættingu.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Endurmat: Endurmat er unnið í tengslum við umbótaáætlun skólans, að vori hvers skólaárs.

- Kennsluhættir, kennslu- og námsgögn og náms- og starfsumhverfi er þannig úr garði gert að kynjum er ekki mismunað. Starfsmenn hafa til hliðsjónar gátlista sem unninn var í tengslum við verkefnið Jafnrétti í skólum og er aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins (<http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4809/>)

Ábyrgð: Skólastjórnendur vegna þeirra mála er snúa að starfsfólki. Skólastjórnendur og aðrir starfsmenn skóla að þeim málum er snúa að nemendum.

Endurmat: Endurmat er unnið í tengslum við umbótaætlun skólans, að vori hvers skólaárs.

- Drengir og stúlkur skulu fá sömu hvatningu til að takast á við áskoranir og verkefni í daglegu lífi og námi.
- Fræðsla fyrir nemendur um jafnréttismál þar sem þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa nemendur undir lífið skal unnin eftir ákvæðum í skólanámskrá og deildarnámskrám leikskólans um jafnrétti þar sem m.a. eru sett fram markmið með jafnréttisfræðslunni og hver viðfangsefni hennar eru í samræmi við aldur. Starfsfólk tekur einnig mið af því námsefni sem unninn var í tengslum við verkefnið Jafnrétti í skólum og er aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins (<http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4809/>)

Ábyrgð: Skólastjórnendur, starfsfólk skóla.

Endurmat: Skólastjórnendur og starfsfólk skóla skulu taka tillit til þessa þáttar við endurmat sem unnið er í tengslum við umbótaætlun skólans, að vori hvers skólaárs.

- Fræðsla um jafnrétti og kynjasambættingu skal vera aðgengileg starfsfólki. Fræðslan getur verið í formi fyrirlestrar, fræðslufunda og námskeiða og fylgja símenntunaráætlun skólans.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Endurmat: Endurmat er unnið í tengslum við umbótaætlun skólans (símenntunaráætlun), að vori hvers skólaárs.

- Foreldrar af báðum kynjum eru hvattir til þátttöku í öllu samstarfi heimilis og skóla. Líta skal á feður og mæður sem jafngilda í foreldrasamstarfi og skal hafa samvinnu og samskipti við foreldra að báðum kynjum. Hvetja foreldra af báðum kynjum til að hafa virkt netfang til að upplýsingar frá skólanum berist til þeirra.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og kennarar.

Endurmat: Verkefnið er viðvarandi. Skólastjórnendur og kennarar skulu taka tillit til þessa þáttar við endurmat sem unnið er í tengslum við umbótaætlun skólans, að vori hvers skólaárs, þar sem m.a. eru skoðuð samskipti foreldra og kennara.